

Hafnarfirði 25. febrúar 2019

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

Minnisblað – Mál

Vegna könnunar meðal foreldra/forráðamanna leikskólabara um viðhorf til starfsemi í leikskóla milli jóla og nýárs.

Þann 28. ágúst 2018 ákvað fræðsluráð að gerð skyldi könnun á nýtingu á plássum milli jóla og nýárs og fór sú könnun fram í október. Eftir áramótin þá var farið þess á leit við fyrirtækið Implexa, sem sérhæfir sig m.a. í starfsmannakönnunum, að framkvæma könnun á fyrirkomulaginu.

Könnunin fór fram í lok janúar og byrjun febrúar en sökum dræmrar þátttöku var ákveðið að framlengja hana um viku. Lagðar voru fyrir sjö spurningar og var innihald þeirra þannig að þær gæfu sem skýrustu mynd á vilja foreldra á starfssemi milli jóla og nýárs. Alls svöruðu 689 manns eða 55% og telst það gott miðað við könnun af þessu tagi. Niðurstöður eru fyrir Hafnarfjörð í heild sinni og einnig eru þær greindar niður á hvern skóla. Ef tekið er vegið meðaltal þá er niðurstaðan um 10% þeirra sem eru óánægðir með fyrirkomulagið.

Vinnan við þessa könnun gefur góðar vísbendingar og verða þær tíundaðar hér.

Meginniðurstöður eru þær að innan við 15% tjá hug sinn í því hvort sem um einn eða tvo daga að ræða. Einnig segja niðurstöður að um 90% þátttakenda er nánast sama hvert fyrirkomulagið er, þ.e. opið eða lokað. Ef þetta er þörfin þá mætti leysa það með öðrum hætti en að hafa leikskólana alla opna og þá með tilliti til rekstrarhagkvæmis.

Ein eigindleg spurning var í könnunni og var hún um það hvort þátttakendur vildu taka fram um starfsemi leikskóla milli jóla og nýárs. Svörin voru margskonar bæði jákvæð og neikvæð og má lesa þær í skýrslunni.

Samantekt: Það eru ekki afgerandi niðurstöður um sjónarmkið foreldra gagnvart lokun leikskóla milli jóla og nýárs. Þó virðist í heildina séð að foreldrar séu almennt ekki andvígir því að leikskólinn loki milli jóla og nýárs svo framarlega sem gjald verði fellt niður þá daga.

Virðingarfyllt,



Jenný D. Gunnarsdóttir,

þróunarfulltrúi leikskóla